

Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

NÓVEMBER 2016



11. tbl. 19. árg.

Myndlistarvörur
Allt sem þú þarft
í Borgartúni 22

Slippfélagið
Málningarverksmiðja

Borgartúni 22
Opíð: 8-18 virka daga
10-14 laugardaga



Ungmennin sem stóðu að atriði Hagaskóla í Skrekk á sviði Borgarleikhússins að loknum flutningi.

PANTAÐU Á DOMINOS.IS

DOMINO'S APP SÍMI 58 12345

græn heilsa
heilsuverslun

lifestream
hrein lífræn næring

Ægisíða 121 /grænheilsa

Hagaskóli sigraði aftur í Skrekk

Lið Hagaskóla sigraði í hæfileikakeppninni Skrekk annað árið í röð. Liðið sigraði með tvíeykið RuGI í fararbroddi en það er skipað þeim Guðrúnu Fríðu Helgadóttur Folkmann og Ragnheiði M. Benediktsdóttur. Tvíeykið RuGI er tónlistar- og dansatriði sem samanstendur af frumsaminni tónlist, fjölmennu dansatriði og túlkun og fjallar um líðan fólks. Átta skólar kepptu til úrslita af alls 24 skólum í æsispennandi keppni sem sjónvarpað var á RÚV.

Skrekkur er árleg hæfileikakeppni fyrir grunnskólanemendur í Reykjavík. Allir grunnskólar með unglíngadeild geta sent eitt atriði í keppnina. Keppnin vekur alla jafnan umtalsverða athygli og oft liggur mikil vinna að baki atriða keppenda. Fólk er líka fljótt til

að tjá sig á samfélagsmiðlum þegar keppnin fer fram og hér má líta á nokkur ummæli sem tekin voru af handahófi af netinu. „Ég var í Skrekk. Söng í atriði Hagaskóla... og gerðu það, ekki koma með neina fordóma út af því að ég hafi verið í Hagaskólaatriðinu.“ „Ok, mig langaði að sjá Hagaskóla atriðið var það flott? Ég var í Langholtsskólaatriðinu. En ég var að heyra að Hagaskóli fengi annað tækifæri og væri að fara að keppa á mánudaginn, er það rétt eða bara enn ein kjaftasagan.“ „Elsku bestu 628 snillingar sem tókuð þátt í Skrekk úr öllum 24 skólunum í borginni. Endilega skoðið myndir, taggið, deilið og njótið. Þið eruð öll búin að vinna stóra sigra og við hvetjum ykkur til að fagna því að hafa yfirstigið Skrekkinn.“ Áhuginn leynir sér ekki.

JÓLAD GATAL
Fatta þú vatn og örvæntu

Þú mál 24 Hæfileikakeppnir

PREMIUM

24
Hagkaup

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavíkur **Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Þegar líða fer að jólum



Melabúðin
þín verslun

Hagamel 39 - Sími 551-0224

Hátíðarmatur Úrval af villibráð

Hreindýrakjöt, villigæsir, krónhjartarkjöt, confit, fasanar, dádýrakjöt, aliendur, hérakjöt, aligæsir, Hólsfjalla, Húsavíkur, KEA og SS hangikjöt, kalkúnar, tvíreykt sauðahangikjöt, sænsk jólaskinka, Ali hamborgarhryggir, Ali andabringur, stökkandabringur, nautalundur, Hornaffarðarhumar o.fl.

Látið fagmenn okkar aðstoða við val á hátíðarmatnum - Munið að panta tímanlega!



Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

11. tbl. 19. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107 og 101.

S T U T T A R

B O R G A R F R É T T I R

Sérstakar húsaleigubætur falla úr gildi

Reglur um sérstakar húsaleigubætur falla úr gildi hjá Reykjavíkurborg 1. janúar á næsta ári og við taka þá reglur um sérstakan húsnæðisstuðning, sem samþykktar voru á fundi borgarráðs í síðustu viku. Samkvæmt ákvæði í nýju reglunum munu umsóknir um sérstakar húsaleigubætur halda gildi sínu, en þeir sem eiga samþykktu umsókn um sérstakar húsaleigubætur verða þó kallaðir í viðtal á árinu og þurfa þá að leggja fram umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning samkvæmt nýju reglunum og kannað verður hvort þeir uppfylla skilyrði nýju reglnanna.

Óbreytt laun borgarfulltrúa

Borgarstjórn hefur samþykkt tillögu um óbreytt laun borgarfulltrúa. Tillagan miðast við að laun borgarfulltrúa haldist óbreytt þar til Alþingi hefur haft tækifæri til að bregðast við úrskurði kjararáðs um 45% launahækkun æðstu ráðamanna. Bregðist Alþingi ekki við fyrir 31. desember nk. er því beint til forsætisnefndar að gera breytingu á samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg.



Kveikt á Oslóartréinu á sunnudaginn

Jóla ljósir verða kveikt á Oslóartréinu á Austurvelli á sunnudaginn kemur þann 27. nóvember nk. Tréð er íslenskt og framvegis verða íslenskt grenitré notuð til að prýða Austurvöll en Oslóarborg hefur aðkomu að viðburðinum. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri felldi tréð í Heiðmörk og er það 12 metrar og 18 sentimetrar að lengd og 57 ára gamalt. Einnig voru felld tré sem Reykjavíkurborg gefur til Færeyja og Grænlands. Frá vinstri eru Helgi Gíslason framkvæmdastjóri Skógræktarfélag Reykjavíkur, Inga Dóra Markussen, framkvæmdastjóri Vestnorræna ráðsins og fulltrúi Grænlands, Þróstur Ólafsson, formaður Skógræktarfélag Reykjavíkur, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, Petur Petersen, sendiherra Færeyja á Íslandi og Cecilie Landsverk, sendiherra Noregs á Íslandi ásamt börnum sem komu til að fylgjast með trjáfellingunni.

Umferðartími hefur lengst

Meðalferðartími milli heimilis og vinnu á höfuðborgarsvæðinu

hefur lengst. Árið 2007 var ferðatíminn 10:30 mínútur, var kominn í 12:45 mínútur árið 2014 og á þessu ári var hann kominn í 14:00 mínútur. Þetta sýnir ný könnun sem gerð var fyrir Vegagerðina. Samkvæmt talningu Vegagerðarinnar er umferðin í ár orðin 14% meiri en hún var á sama tíma árið 2007.

Miklar gatnaframkvæmdir í 101 og 107

Miklar fjárfestingar verða í gatnakerfi á nýbyggingarsvæðum í Reykjavík á næsta ári. Um 400 milljónir eiga að fara í breytingar á Geirsgötu og Lækjargötu auk þess sem 100 milljónir fara í endurgerð Hafnarstrætis en þar er verið að byggja hótél en hluti af því verður nýtt straujárnslagað hús. Þá eru áætlaðar 92 mkr. í Vigdísartorg við nýbyggingu stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur við Suðurgötu.

Átak í malbikunarframkvæmdum

Áætlað er að fara í viðamikil átak í malbikun gatnakerfisins í Reykjavík á næstu árum en Reykjavíkurborg er með 420 km af götum sem þarf að halda við. Árið 2017 verður varið 1.460 mkr. til viðgerða og endurnýjunar á malbiki í Reykjavík sem er meiri fjármunir en nokkru sinni áður. Um er að ræða ríflega tvöföldun frá árinu 2016 en þá var aukið verulega við fé til malbikunar.

Kennslustarfið í uppnámi

Grunnskólakennarar hafa nú felld kjarasamning við sveitarfélögin í landinu í tvígang. Laun þeirra hafa dregist aftur úr launum ýmissa annarra starfsstétta á undanföllum árum. Þrátt fyrir að nokkuð hafi fengist leiðrétt telja grunnskólakennarar sig eiga meira inni. Samanburðurinn sé þeim í óhag.

Vandinn er að þær leiðréttingar sem þeir telja sig þurfa eru umfram getu sveitarfélaganna viðsejenda þeirra. Rekstur margra ef ekki flestra sveitarfélaga í landinu er í jánnum. Tekjur þeirra samkvæmt lögbundnum tekjustofnum ná illa og stundum ekki að standa undir rekstri þeirra. Þetta á jafnt við um stærri sveitarfélög sem þau smærri og jafnvel Reykjavíkurborg fer ekki varhluta af þessum vanda.

Þegar rekstur grunnskólans var færður frá ríki yfir til sveitarfélaganna var gerður sérstakur samningur um tekjufærslu til að mæta rekstrarkostnaði þeirra. Sú tekjutilfærsla hefur í raun aldrei dugað til þess að standa endanlegan straum af skólustarfinu. Og þegar laun hækka til samræmis við aðra tekjuhópa þá er ekkert í pokahorninu til þess að standa undir því.

Mikil tregða hefur verið og er ríkjandi af hálfu ríkisins að færa aukinn hluta af tekjum þjóðarþúsins til sveitarfélaganna. Ef lítið er til hinna Norðurlandanna er tekjuhluftall sveitarfélaganna mun hærra en hér á landi og þau sinna einnig mun fjölbreyttari verkefnum í því augnamiði að færa nærþjónustuna í meiri nálægð við notendur. Hér á landi hefur varla mátt minnast á þetta og þótt um þriðjungur alþingismanna í gegnum tíðina hafi áður átt sæti í sveitarstjórnum virðast þeir gleyma fyrra hlutverki sínu fljótt þegar þingsetan er orðinn að veruleika.

Vegna ýmissa breytinga á atvinnuháttum og rekstri í þjóðfélaginu er sú tekjuskipting sem verið hefur á milli þessara stjórnsýslustiga að renna skeið sitt á enda. Þetta snertir meðal annars tekjur af ferðaþjónustunni hinna nýju atvinnugrein landsmanna. Þetta snertir einnig rekstur sveitarfélaganna á mikilvægum grunnstöðum samfélagsins. Grunnskólinn er þeirra á meðal. Til þess að leysa þann vanda sem þar er kominn upp meðal annars af því að kennarar sætta sig ekki við að vera lágláunastétt til lengdar verður vart vandinn leystur til frambúðar nema til komi breytt skipting tekna á milli ríkis og sveitarfélaga – sveitarfélögunum í vil. Að öðrum kosti verður að flytja rekstur grunnskólustarfsins aftur til ríkisins. Kennslustarfið er í uppnámi.

HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR


Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



Finndu okkur á Facebook

BIKE CAVE

Einarsnesi 36 • 101 RVK
Ópið alla daga 9-23
www.bikecave.is • Erum á Facebook 
Sími: 770-3113

Alltaf góður matur
og frábært verð

Lifandi tónlist öll kvöld

Næg bílastæði

Vegan borgarar
/glúteinlausir
borgarar.

Alls konar fyrir
þig og þína.



Fylgist með á facebook

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

3ja ára
abyrgð

Vandaðir
krossar á leiði!

JS LJÓSA SMÍÐJAN
VÉLAVERKSTÆÐI
SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTAN
Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Vesturbæingar



Við slappa aftur með
Skrekkin!

VIÐHELDUR UNGLEGUM LJÓMA

NÝTT

CELLULAR PERFECT SKIN

Vinnur gegn hrukkum og viðheldur unglegum ljóma húðarinnar. Byltingarkennd formúla með magnolíu þykkni sem eykur mótstöðukraft frumanna gegn stressi og Lumicinol sem dregur úr myndun húðbletta.



Erum að þróa starfsemina og aðlaga hana að hverfunum

- segir Sigprúður Erla Arnardóttir framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða

Sameinuð Þjónusta miðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða flutti inn í gamla Landsbankahúsið að Laugavegi 77 í ágúst á liðnu sumri. Nú er starfsfólk miðstöðvarinnar búið að koma sér fyrir á hinum nýja stað og verkefni blasa við. Sigprúður Erla Arnardóttir framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða eins og hún heitir í dag segir að síðastliðið ár hafi starfsmenn Reykjavíkurborgar þurft að endurskipuleggja og samþætta þjónustu borgarinnar vegna þeirrar stöðu sem við hafi blasað í fjármálum borgarinnar. Markmiðið hafi fyrst og fremst verið að einfalda skipulag og stjórnunarlega ábyrgð eins og unnt hafi verið.

Sigprúður segir að niðurstaðan hvað þessar tvær þjónustumiðstöðvar varðar hafi orðið sú að auka samvinnu þeirra. Í framhaldi af því hafi þær verið sameinaðar í eina öfluga þjónustumiðstöð fyrir allan vesturhluta borgarinnar. „Nú er staðan sú að áformað er í framhaldi af þessari sameiningu að veita þjónustunni inn í hverfin frá hinni miðlægu þjónustumiðstöð á Laugavegi 77. Í dag sé meðal annars verið að athuga hvaða húsnæði í eigu borgarinnar geti komið til greina til að hýsa verkefni þjónustumiðstöðvarinnar og einkum sé horft til húsnæðis félagsmiðstöðva, skóla- og jafnvel leikskóla í því efni.

Verið að endurmóta starfsemina

Sigprúður Erla segir að verið sé að endurmóta starfsemina í samráði við starfsfólk þjónustumiðstöðvarinnar, stjórnendur annarra stofnana og notendur þjónustunnar. „Endurmótunin fer fram innan þess ramma sem lög og reglur setja auk fjárveitinga á hverjum tíma. Einnig verður horft til nýsköpunar varðandi þjónustu og skipulag hennar innan viðkomandi borgarhluta og hverfa og unnið eftir teymisskiptri verkefnastjórnun þar sem ákveðin hópar vinna saman.

Fólk á sér ýmsan uppruna

Þessa dagana er verið að taka viðtöl og efna til námskeiða bæði fyrir foreldra og börn. „Fólk á sér ýmsan uppruna og mun fleiri hafa sest að hér á landi en var fyrir nokkrum árum. Við erum með fólk sem talar hin ólíkustu tungumál. Fyrir utan ensku og skandinavísku tungumálin þá starfar hér fólk sem talar frönsku, spænsku, rússnesku, pólsku og arabísku svo nokkuð sé nefnt. Vissulega geta margir sem hingað hafa komið hjargað sér á ensku – alla vega að einhverju leyti en það er alls ekki algilt og breytilegt eftir því hvaðan fólk er komið. Það felst ákveðin nýbreytni í því að starfa í svo fjölbjóðlegu umhverfi þetta eykur breiddina í starfinu til þess að ná utan um nýjar þarfir.



Sigprúður Erla Arnardóttir.

Að halda utan um utangarðshópin

„Annað verkefni okkar og snertir einkum Miðborgina er að halda utan um utangarðshópin – fólk sem fellur ekki inn í

samfélagið af einhverjum ástæðum. Þetta er talsvert breiður hópur og með mismunandi þarfir.“ Við erum að þróa þjónustu í málefnum utangarðsfólks út frá stefnu Reykjavíkurborgar. Stefnt er að því að efla Vettvangs- og ráðgjafarteymi sem vinnur á vettvangi samhlíða því að byggja frekar upp húsnæðisúrræði fyrir hópin.

Þátttaka í samfélaginu er lykilatriði

Uppeldismálin koma einnig við sögu í starfi þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða. Sigprúður Erla segir að mikið sé horft til barnanna. „Við reynum eftir föngum að styrkja umhverfi þeirra og fjölskyldna og einnig að efla virkni þeirra í samfélaginu. Eg tel skipta miklu máli að börn og einnig foreldrar nái að nýta þær auðlindir sem eru í umhverfi. Það skiptir máli að fá fólk til þess að vera þátttakendur og sýna virkni innan samfélagsins í sínum borgarhverfum. Í því sambandi vil ég nefna hvers konar félagslíf, íþróttir og annað sem kann að vera boðið upp á. Þjóðerni og efnahagur fólks má ekki skipta máli þegar félagslíf og virkni eru annars vegar. Þar eiga allir að hafa jafnan aðgang hvort sem um íþróttir eða annað félagslíf er að ræða. Því meiri sem þátttaka fólks er þá minnkar hætta á að það lokist inni í aðstæðum sem getur reynst erfitt að komast út úr – aðstæðum á

Fasteignasalan ykkar

Starfsmenn Foldar fasteignasölu hafa átt áratugalöng ánægjuleg viðskipti við Vesturbæinga

Við skoðum og verðmetum fasteignina þína þér að kostnaðarlausu og án allra skuldbindinga. Þessa dagana erum við með á skrá eignir í Vesturbæ Reykjavíkur og á Seltjarnarnesi sem eingöngu eru til sölu í skiptum.

Til að fá upplýsingar og/eða ráðgjöf fagmanna hafðu samband við okkur í síma 552 1400 eða með því að senda tölvupóst á fold@fold.is. Þú finnur okkur líka á fold.is og á facebook.



Viðar Böðvarsson
viðskiptafræðingur
lögiltur fasteignasali
vidar@fold.is - sími 694 1401

Gústaf Adolf Björnsson
íþróttifræðingur
lögiltur fasteignasali
gustaf@fold.is - sími 895 7205

Rakel Viðarsdóttir
viðskiptalögfræðingur
rakel@fold.is - sími 699 0044

Kristín Pétursdóttir
lögiltur fasteignasali
kristin@fold.is - sími 824 1965

 **FOLD**
FASTEIGNASALA

borð við kvíða og þunglyndi sem fólk getur þjáðst af. Þátttaka í samfélaginu er lykilatriði. Það er ekki síst af þessum ástæðum sem við erum að undirbúa að færa hluta af starfseminni inn í hverfin til þess að auka aðgang fólks að almennri ráðgjöf.“

Mömmumorgnarnir – nýjung í félagsstarfinu

Sigbrúður nefnir sérstaklega verkefni sem var kynnt í síðasta tölublaði Vesturbæjarblaðsins sem hluta af þessum áætlunum. Það eru mömmumorgnarnir á Aflagrandanum. „Við erum að byggja þar upp samfélagshús og liður í því er að gefa foreldrum og börnum rými til þess að hittast og ná til hvers annars. Þar eru ráðgjafar til staðar fyrir fólk. Þar á meðan eru leikskólakennarar sem veita fræðslu um uppeldismál.“

Mikilvægt að horfa á styrkleika hverfanna

Sigbrúður segir mikilvægt að horfa á styrkleika hverfanna og styðja við sjálfsprottið félagsstarf innan þeirra. Ég tel nauðsynlegt að eiga gott samstarf við íbúasamtök og aðra aðila sem koma að uppbyggingu borgarhverfanna og nýta það sem er að gerast innan þeirra. Þar skipta félagsmiðstöðvarnar líka mikli máli. Nú erum við með þrjár félagsmiðstöðvar í vestur- og miðhluta borgarinnar; á Aflagrandi, við Vitatorg við Lindargötuna og Bólstaðarhlíð. Hver stöð hefur sinn styrk og fólk lærir hvert af öðru og gæta verður að húsnæði nýttist sem best.“

Samvinna við háskólanema

Sigbrúður bendir á að nú sé verið að setja upp nýja nálgun

fyrir félagsstarfið á Vitatorgi. Við erum að vinna þetta með Háskóla Íslands og namar sem stunda nám á Tómsunda- og félagsbraut taka þátt í þessu starfi ásamt þátttakendum í félagsstarfinu. Með því er ætlunin að styrkja starfið og einnig að ná til fleira fólks sem gæti tekið þátt í því. Það verður gaman að sjá ef okkur tekst að ná til sem flestra í því sambandi.

Heimabjónustan komin á Vitatorgið

Sigbrúður getur þess að heimabjónustan sé nú komin á Vitatorgið. Þar er um að ræða samþætta félagslega heimabjónustu og heima hjúkrun. Mikill styrkur er í því að

fleiri starfsstéttir komi að því að byggja upp heildstæða þjónustu inn á heimilum fólks. Auk starfssvæðis þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða annast heimabjónustan nú heima hjúkrun á Seltjarnarnesi.

Hverfisráðin eru mikilvæg

Sigbrúður kveðst að lokum vilja minnst á hverfisráðin. „Við vinnum náðið með þeim. Í mínum huga eru þau mjög mikilvæg fyrir hverfin. Hverfisráðin halda mánaðarlega fundi og auk þess eru opnir íbúafundir fyrir hvert þessir fundir eru meðal annars hugsaðir til þess að íbúar geti komið hugmyndum og óskum á framfæri

við sín hverfisráð og fólk getur hringt í opinn þjónustusíma sem er 411 1600 með spurningar eða annað sem það vill vita. Formenn

hverfisráðanna eru; Svafar Helgason fyrir Miðborgina, Sverrir Bollason fyrir Vesturbæ og Margrét Norðdal fyrir Hlíðarnar.“



Aðventa í Nes Kirkju

4. des. 2. sunnudagur í aðventu

Jólatónleikar kl. 17:00

O, magnum mysterium. Jólasálmur og tónlist tengd jólum. Kór Nes Kirkju, Hallveig Rúnarsdóttir, einsöngur, Björn Steinar Sólbergsson, orgel og Drengjakór Reykjavíkur. Stjórnandi, Steingrímur Þórhallsson. Aðgangseyrir kr. 2.000. Boðið upp á hressingu að loknum tónleikum.

8. des. fimmtudagur

Aðventuhátíð barnanna kl. 17.30.

Nes Kirkja býður börnum í leikskóla og yngstu bekkjum grunnskóla í Vesturbænum á aðventuhátíð. Barnakórar Nes Kirkju syngja undir stjórn Jóhönnu Halldórsdóttur, Snúðra og Tuðra mæta og Afi (Örn Árnason) segir sögur.

Umsjón hafa prestarnir. Kakó og piparkökur að lokinni dagskrá.

11. des. 3. sunnudagur í aðventu

Aðventukvöld og ljósahátíð kl. 20:00

Kór Nes Kirkju, Hljómur, kór eldri borgara í Nes Kirkju og Drengjakór Reykjavíkur. Stjórnandi, Steingrímur Þórhallsson. Fermingarbörn taka þátt. Prestar, Skúli S. Ólafsson og Steinunn Arnþróður Björnsdóttir. Heitt súkkulaði og smákökur á Torginu.

Messa og sunnudagskóli alla sunnudaga kl. 11:00.



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri

Ekki gefa bara eitthvað, gefðu frekar hvað sem er.



Með gjafakorti Landsbankans er ekkert mál að velja réttu jólagjöfina. Þú ákveður upphæðina og sá sem þiggur velur gjöfina. Þú færð gjafakortið í næsta útibúi.



BORGARBÓKASAFNIÐ MENNINGARHÚS

Jóladagatal Borgarbókasafnsins og Bókmenntaborgarinnar 2016

Fylgstu með ævintýrum
Muggs og Möllu í jóladaga-
tali Borgarbókasafnsins og
Bókmenntaborgarinnar.



Sigrún Eldjárn skrifaði og
myndskreytti jólasöguna
sem aðeins verður
aðgengileg á netinu í ár.



Frá 1. desember birtum við einn kafla á dag
fram að jólum. Fylgstu með jóladagatalinu
á heimasíðu Borgarbókasafnsins.

www.borgarbokasafn.is

BORGARBÓKASAFNIÐ | borgarbokasafn@borgarbokasafn.is | 411 6100



Borgarstjóri heimsótti frístundamiðstöðina Tjörnina

... borgarstjórnar- og borgarráðsfundir haldnir í Vesturbæ

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri heimsótti frístundamiðstöðina Tjörnina í Vesturbæjarviku sinni og kynnti sér starfsemi. Skrifstofa borgarstjóra var með aðsetur í Tjörninni, Frostaskjól í tvo daga og borgarstjóri hélt þar sína fundi. Borgarstjóri heimsótti einnig frístundaheimilið Frostheima og heilsaði þar upp á börnin. Þá fundaði hann með ungmennaráði Vesturbæjar og mætti á Skrekk.

Þetta er í sjöunda sinn sem borgarstjóri færir sig um set innan borgarinnar en hann var í Árbæjarhverfi í mars, í Breiðholti í apríl, í Hlíðum og Norðurmýri í september og í Laugardal í nóvember á síðasta ári. Í janúar sl. var hann í Háaleiti-Bústöðum og í apríl í Grafarvogi. Fundur borgarstjórnar var haldinn í Hagaskóla þriðjudaginn 16. nóvember og fimmtudaginn 17. nóvember var fundur borgarráðs haldinn í Sjóminjasafni Reykjavíkur. Þá var haldinn opinn hverfafundur með íbúum í hverfinu í Hagaskóla fimmtudaginn 17. nóvember þar sem rætt var um flest sem tengist hverfinu og framkvæmdir, þjónusta og hverfisskipulag var kynnt.



Borgarstjóri í heimsókn í Frostheimum

Borðið í desember

Jólaplatti Borðsins

- Grafinn sjúrríði -
rauðrófa greni piparrót
- Paté að hætti Borðsins -
brioche brauð bláber heslihnatur
- Villt gæs og reykt grísa síða -
jólakryddaður gljái nipa rauðkál
- Hvítsúkkulaðímús -
pera dulce de leche appelsína möndlukaka



BORÐIÐ
ægisíðu 123 - 107 reykjavík
www.borid.is

Vesturbæjarblaðið

Sími: 511 11 88

JOLAMATSEÐILL TAPASBARSINS

- ★ Hefst með Faustino freyðivíni í fordrykk
- ★ 7 gómsætir jólatapas fylgja síðan í kjölfarið
 - Hvítlauksbakaðir humarhalar
 - Tvíreykt hangikjötstartar með balsamik vinaigrette
 - Rauðrófu- og piparrótargrafinn lax
 - Spænsk marineruð sild með koriander og mangó
 - Kalkúnabringa með spænskri „stuffing“ og calvados villisveppasósu
 - Steiktur saltfiskur með sætri kartöflumús
 - Hægelduð grísa síða með heimatilbúnu rauðkáli, fíkjum og fjallagrasasósu
- Og í lokin tveir ljúfir eftirréttir
 - ★ Rise a la mande með berjasaft
 - Ekta súkkulaðiterta



7.990 kr.

Aðeins framreitt fyrir allt borðið



Vesturgata 3B | 101 Reykjavík | www.tapas.is

Dómkirkjan 220 ára

Á þessu hausti hefur þess verið minnst að 220 ár eru liðin frá því að Dómkirkjan í Reykjavík var vígð. Dagskrá safnaðarstarfsins hefur tekið mið af því og dregið fram það sem helst hefur markað sögu helgidómsins og stöðu í höfuðstaðnum.

Haldin var slökkviliðsmessa, með þátttöku slökkviliðs og bráðaliða og sjúkraflutningafólks, en fyrsta slökkvistöð bæjarins var í skrúðhúsi Dómkirkjunnar. Þjóðminjasafnið, Þjóðskjalasafnið, Landsbókasafnið og Hið ísl. bókmenntafélag eiga upphaflega aðstöðu sína á kirkjuloftinu í Dómkirkjunni. Haldin var sérstök friðarmessa með þátttöku Kórs Menntaskólans í Reykjavík og fermingarbarna, þar sem minnst var tengsla Menntaskólans og Dómkirkjunnar, og beðið fyrir friði í heiminum okkar.

Á sjálfan vígsludaginn, 30. október, prédikaði séra Þórir Stephensen og fyrrum Dómkirkjuprestar þjónuðu. Einnig var messa tileinkuð 200 ára afmæli Hins íslenska bókmenntafélags, þar sem forseti félagsins, Jón Sigurðsson, flutti ávarp. Fermingarbörnum ársins 1976 var sérstaklega boðið og öllum í messukaffi. Helgi Ingólfsson kom og sagði frá gömlu Reykjavík og sýndi myndir. Tónlistardagar Dómkirkjunnar hafa mótast af þessum tímamótum, og dagskrá opna hússins, til dæmis sagði Bjarki Sveinbjörnsson frá Péttri Guðjónsen, fyrsta organistanum. Afmælishaldinu lýkur á fyrsta sunnudegi í aðventu, 27. þessa mánaðar. Þá verður að vanda aðventukvöld kl. 20 í Dómkirkjunni, þar sem



Haldin var slökkviliðsmessa í Dómkirkjunni en fyrsta slökkvistöð bæjarins var í skrúðhúsi hennar.

forsetafrúin okkar, frú Eliza Reid, flytur ræðu og boðið verður uppá veitingar í safnaðarheimilinu. Næsta þrjónakvöld vetrarins verður í safnaðarheimilinu 28. desember kl. 19.

Við höfum ekki minnst afmælis Dómkirkjunnar með því að horfa aðeins um öxl. Kristin

kirkja horfir fram. Hennar tími er nú, hennar sýn er framtíð, sú framtíðarsýn sem trúin gefur í birtunni frá Jesú Kristi. Hann kemur á móti okkur með frelsi og frið, það segir adventan, það boða jólin, það óma klukkur Dómkirkjunnar, nú sem fyrr.

GÓÐ ÞJÓNUSTA VIÐ
SÖLU FASTEIGNA

Davíð Ólafsson
Löggiltur fasteignasali

Sími: 897 1533
david@fastborg.is

FRÍTT SÖLUVERÐMAT



BORG
FASTEIGNASALA

SÍÐUMÚLA 23 · 108 REYKJAVÍK · FASTBORG.IS · SÍMI: 519 5500

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996



ALÚÐ · VIRÐING · TRAUST · REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og
ræðum skipulag útfarar ef óskað er



Sverrir Einarsson

www.utforin.is



Kristín Ingólfssdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a · www.utfararstofa.is · Símar: 565 5892 & 896 8242



Vesturbæjarblaðið

www.borgarblod.is

LÍKLEGA BESTI

HOLLI SKYNDIBITINN

Á ÍSLANDI!

Einnig

TAKE AWAY 😊



XO

FUN · FAST · FUSION

JL HÚSINU · HRINGBRAUT 119 · XOFOOD.IS



Marapónferð KR-skokks til München

- eftir Oddnýju S. Jónsdóttur og Halldóru S. Sigurðardóttur

Síðastliðin ár hafa Vesturbæingar eflaust tekið eftir skokkhópnunum KR-skokki sem æft hefur af krafti síðan hópurinn var stofnaður vorið 2012. Hópurinn stormar oft eftir Ægisíðu í austurátt eða Nesvegi í vesturátt og æft er þrisvar í viku. Að jafnaði mæta um 30 manns á æfingar sem eru síðdegis á þriðjudögum og fimmtudögum í KR og á laugardagsmorgnum frá Vesturbæjarlaug. Þjálfarar hópsins eru þrír, þær Ásdís Káradóttir og Margrét Elíasdóttir, sem hafa fylgt hópnunum frá stofnun hans, og síðasta vetur bættist Þorlákur Jónsson við.

Æfingar fara fram í hvaða veðri sem er nema ef Almannavarnir hafa gefið út boð um að fólk skuli halda sig innandyrna. Það er því ljóst að krafturinn í hópnunum er mikill. Hann hefur tvisvar sinnum farið til útlanda til að taka þátt í maraþoni en hlaupaferðir erlendis er vaxandi grein í ferðamannaiðnaðinum. Því hafa Reykvíkingar eflaust tekið eftir í Reykjavíkumaraþoni á síðustu árum en þar fer hlutfall erlendra þátttakenda vaxandi.

Hlaupaferðir erlendis

Eins og áður sagði hefur KR-skokk tvisvar staðið fyrir því að hópurinn tæki þátt í maraþoni

erlendis. Í fyrra skiptið fór hópurinn til Amsterdam, sem var árið 2014, en þá fóru um 40 manns og í október sl. fóru einnig um 40 manns til München. Byrjað var strax í janúar að undirbúa ferðina og kom fljótt í ljós að þátttakan var góð enda þrjár hlaupalengdir í boði; 10 km, hálf maraþon (21,1 km) og heilt maraþon (42,2 km). Bændaferðir sáu um alla skipulagningu á ferðinni og fylgdu hópnunum tveir fararstjórar, þeir Aðalsteinn Jónsson og Ívar Adólfsson.

München – höfuðborg Bæjaralands

München er þriðja stærsta borg Þýskalands, aðeins Hamburg og Berlín eru stærri. Hún er jafnframt höfuðborg Bæjaralands eða Bayern. Borgin liggur fyrir norðan Alpafjöllin sem sjá má glitta í á góðviðrisdögum. München þykir afar falleg borg og prýða hana fjölmargar glæsilegar byggingar frá dögum Lúðvíks I, konungs Bæjaralands á 19. öld, en undir hans stjórn varð borgin mikil lista- og menningarborg og lét hann t.d. reisa listasöfn, óperuhús og hallir og einnig stofnaði hann háskóla. Í München gerði Hitler misheppnaða valdaránstílraun, svokallaða



Hlaupahópurinn á Lövenbräukeller.

Björkjallarauppreisn, árið 1923 og var settur í fangelsi þar sem hann skrifaði Mein Kampf. Borgin á sér því bæði langa sögu og stundum afdrifaríka.

Ferðin til München

Flogið var beint til München og gisti hópurinn á hóteli í miðbænum í fjórar nætur. Sama dag og hópurinn kom út var farið í Ólympíugarðinn sem reistur var fyrir Ólympíuleikana árið 1972. Þar sóttu hlaupararnir öll gögnin fyrir hlaupið en þarna var líka upphafsstaður þeirra sem hlupu heilt maraþon og allir hlaupahópar enduðu á aðalleikvangi svæðisins.

Á laugardegnum var síðan frídagur en þeir sem vildu fóru aðeins út að skokka og flestir notuðu tækifærið og skoðuðu borgina. Að sjálfsögðu var það margítrekað við hópin að ganga sig ekki upp að hnjám, t.d. í verslunum, því hlaupadagurinn var daginn eftir.

Maraþonið 2016

Maraþon í München hefur verið haldið 30 sinnum svo hlaupið sunnudaginn 9. október sl. var það 31. í röðinni. Fjöldi áhorfenda stóð meðfram hlaupaleiðinni og hvatti hlaupara í mark. Stemningin var mjög lífleg og skemmtileg, sérstaklega þar sem fjöldi

hljóðfæraleikara hafði komið sér fyrir á ýmsum stöðum á leiðinni. Óftast jókst hlaupahraðinn töluvert þegar dillandi músík ómaði í loftinu og þar sem fólk safnaðist saman til að hvetja hlauparana.

Fararstjórnir fylgdu hlaupurum þangað sem hlaupið átti að hefjast og hlupu þeir sem tóku heilt maraþon og 10 km um morguninn en keppendur í hálfmaraþoni hlupu ekki fyrr en kl. 13.30 en KR-skokk átti fulltrúa í öllum þessum hlaupalengdum. Þessa daga sem hópurinn dvaldi í München var mjög svalt og fór hitinn alveg niður undir frostmark á nóttunni en hæst upp í um 8 gráður á daginn. Þetta var því afar viðráðanlegur hiti fyrir Vesturbæinga sem búa við kulda og trekk mestallt árið. Hlaupurum til gleði gæðist sólin fram úr skýjum á meðan hlaupinu stóð svo engum varð kalt á leiðinni. Það er skemmt frá því að segja að þátttakendum KR-skokks gekk ljómandi vel og allir komu heilir á leiðarenda sem er kannski fyrst og fremst takmarkið.

Um kvöldið fór hópurinn saman út að borða og fagnaði þannig velheppnuðum degi. Farið var á Lövenbräukeller, klassískan bæverskan veitingastað stutt frá hótelinu þar sem afrekum dagsins var fagnað á viðeigandi hátt.

Hlaupaferðin til München tókst vel í alla staði og því engin spurning að hópurinn á eftir að leggja land undir fót að nýju, spurningin er ekki hvort heldur hvenær og hvert næsta ferð verður fari.

Höfundar eru félagar í KR-skokki.

HLEÐSLUTÆKI

Hleður og vaktar rafgeyminn þinn í vetur.

Tilvalin jólaþöf



12v 0,8A



12v 5,5A



SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR
TUDOR

Bíldshöfða 12 - 110 Rvík. - 5771515 - www.skorri.is

PARF AÐ MÁLA?

Öll almenn málingarvinna.
Fagmennska, vönduð vinnubrögð, góð umgengni og reynsla.

Einnig smiðir með mikla reynslu af allri smiðavinnu.

Fast verð eða tímavinna.

Athugaðu hvað við getum gert fyrir þig.



Málun og Smiði
malunogsmidi@gmail.com
Sími: 860-7896



Traust þjónusta

FERSKUR FISKUR

DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN

Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30





Fyrsta sameiginlega ball Tjarnarinnar

Félagsmiðstöðvar Tjarnarinnar slógu saman upp balli miðvikudaginn 16. nóvember. Rík hefð var fyrir því í Kampi, áður en hann sameinaðist Frostaskjóli, að félagsmiðstöðvarnar 105, 100&1 og Gleðibankinn héldu sameiginleg böll til að auka samheldni og tengingu milli félagsmiðstöðvanna.

Nú þegar sameiningin hefur átt sér stað bættist Frosti í hópinn. Unglingar úr félagsmiðstöðvunum í hverfinu tóku sig saman og skipulögðu alveg hreint stórkostlegt ball. Plötusnúðarnir Snorri Ástráðsson og Stormur Jón Kormákur Baltasarsson úr Hagaskóla léku lög fyrir dansi og stóðu sig með stakri þrýði. Svo þegar leið á kvöldið spilaði tónlistamaðurinn GKR fyrir miklum fögnuði áhorfenda. Flestir voru sammála um að ballið hefði gengið ofboðslega vel og vissulega sé hefð sem er þess virði að halda í á næstu árum.



Frá fyrsta Tjarnarballinu.

Fljótt og Gott á BSÍ

Veitingastaðurinn þinn

Hjá Fljótt og Gott á BSÍ færðu alvöru heimilismat alla daga frá kl. 10.30 til 21.00.

Þú getur borðað á staðnum í ný endurgerðum húsakynnum okkar eða tekið matinn með heim.

Verð frá aðeins:
1.790 kr.

Súpa dagsins, salatbar og gos úr vél fylgir öllum réttum dagsins.

Hjá okkur færðu líka hamborgara, samlokur, steikur ofl. ofl. á glæsilegum grillmatseðli.

Svo má ekki gleyma þjóðlegu réttunum eins og kjötsúpu, sviðum, plokkfisk ofl.

Allir réttir
á barnaseðli:
990 kr.

Við bjóðum líka upp á barnamatseðil en öll börn yngri en 10 ára borða frítt í fylgd með foreldrum.

Að auki færðu gæðakaffi og nýbakað bakkelsi á kaffihúsinu okkar.

Taktu með eða
borðaðu á
staðnum

Vertu velkomin . . .



Fljótt og Gott á BSÍ / S: 552-1288

APOTEK
KITCHEN+BAR



JÓLIN Á APOTEKINU

FRÁ KL. 17

7 rétta jólaveisla

FORDRYKKUR – freyðivín

TE GRAFINN LAX

Skallottukrem, dillmæjö, hrogn, súrdeigs kex

ANDABRINGA

Gulrótarkrem, portvínssósa

ÍSLENSKT LANDSLAG

Nauta tartar, reyktur ostur, rúgbrauð, pikklaður laukur, ediksnjór

LETURHUMAR

Jólatré og beurre noisette

SVÍNASÍÐA

Reykt sellerí-purée, kirsuberjasósa, fersk epli, pikklaður skallottulaukur

GRILLUÐ NAUTALUND

Jarðskokka og hvítsúkkulaði-purée, steiktur næpur með sveskjum og heslihnetum, kaffi-hollandaise

EFTIRRETTUR

JÓLAKÚLA

Kryddkex, karamelluseruð hvítsúkkulaðimús, epla og fáfnisgrasfylling



8.900 kr.

BORÐAPANTANIR Í SÍMA 551 0011

Aðeins framreitt fyrir allt borðið.

APOTEK KITCHEN+BAR // Austurstræti 16 // apotek.is

Kosning um smærri verkefni á vegum Reykjavíkurborgar



Grásleppuskúrarnir við Ægisíðu sem hafa verið verið í niðurníðslu árum saman fengu athygli í verkefnakosningunni.

Vesturbæingar völdu 11 verkefni

Vesturbæingar völdu 11 verkefni í kosningum um úthlutun fjármagns til smærri nýframkvæmda- og viðhaldsverkefna í hverfum Reykjavíkurborgar.

Verkefni sem íbúar þessa borgarhluta lögðu til er að leggja göngu- og hjólastíg aftan við Olís Ánanaust, bæta og fegra skúrana við Ægisíðu, bæta lýsingu á stíg milli Hofsvallagötu og Kaplaskjólsvegar, leggja nýja gangstétt og hjólavísa á Birkimel, koma fyrir ljóðum sem birtast í rigningu, bæta sparkvelli á Ægisíðu og við Sörlaskjól, koma fyrir sleðabrekku á Lynghagaróló, setja gangbrautarljós yfir Ánanaust, koma upp ungbarnarólum með foreldrasætum, setja upp drykkjarfont á Eiðisgranda og lengja gangstétt milli Álagranda og Flyðrugranda.

Leikskólinn Drafnarsteinn

- í samstarfi við leikskóla í Patrauti í Rúmeníu

Í byrjun október fóru þrjú kennarar Drafnarsteins sem er leikskóli í Vesturbænum í heimsókn til Patrauti í norðaustur Rúmeníu. Leikskólastjórinn Elín Mjöll Jónasdóttir og tveir deildarstjórar, Halldóra Sigtryggsdóttir og Anna Ben Blöndal fyrir hönd Drafnarsteins og var ferðin hluti af samstarfsverkefni Rúmeníu og Íslands sem ber heitið „Áskoranir við að kenna nýsköpun í leikskólum“ (ens. „The Challenges of teaching entrepreneurship in preschool education and training.“) Verkefnið er styrkt af EEA Grants og Norway Grants.

Farið var í leikskóla í bænum Patrauti sem er í nágrenni við hina fornu borg Suceava. Í skólanum eru 156 börn í 6 bekkjum og er einn kennari með 26 börn í hverjum bekk. Leikskólarnir eru tveir og er annar þeirra nýbyggður á lóð með grunnskólanum. Það er einn skólastjóri yfir öllu. Grunnskólinn er tvisetinn en leikskólinn er hálfur dagur eða frá 8:30 til 12:30. Unnið er eftir skólanámsskrá sem gefin er út á landsvísi. Enginn matur er í skólanum en þau fá brauð og mjólk og koma einnig með eigið nesti. Engin útivist er í leikskólanum.

Upplifun að koma til Patrauti

Það var mikil upplifun að koma til Patrauti og sjá starfið og umhverfið. Þetta er fátækur bær á okkar mælikvarða með um 4000 íbúa. Stór hluti þeirra er Rómafólk. Báðir leikskólarnir eru ágætlega útbúnir og eru allir sex



Gratiela Mesteriuc, Elín Mjöll Jónasdóttir, Maria Alina Ujeniuc, Halldóra Sigtryggsdóttir og Anna Ben Blöndal.

kennararnir fagmenntaðir. Það er mikið hugsjónastarf í gangi þar sem erfitt er að fá íbúa til að koma með börnin í skólann og einnig er fjármagn til skólanna afar takmarkað. Kennarar skólans vinna vel úr því sem þeir hafa og hafa einnig verið virkir í samstarfi við önnur lönd, þá sérstaklega í Comeniusar verkefnum og öðrum samstarfsverkefnum.

Kynnast nýjum aðferðum

Í gegnum samstarfsverkefni sem þessi kynnast leikskólakennarar nýjum aðferðum og hugmyndum sem styrkja starf þeirra með börnunum. Allir þátttakendurnir njóta þess að skiptast á skoðunum við starfsbræður- og systur sínar sem

starfa við mismunandi aðstöðu, í annarri menningu, en eru oft að kljást við sömu viðfangsefni.

Námið í gegnum leikinn

Kennarinn sem hefur verið hvað ötulust í þessum verkefnum, Gratiela Mesteriuc, hefur heimsótt Íslands tvisvar og þá í tengslum við Comeniusar verkefni og Erasmus samstarf. Hún mótaði verkefnið sem nú er unnið að eftir heimsókn í Drafnarstein síðasta vor. Það sem að sögn heillaði hana í leikskólastarfi hér á Íslandi var hvernig námið fer fram í gegnum leikinn og hafði hún mikinn áhuga á að fá okkur til sín að kynna það starf sem við gerum hér.



Jólin eru bliss!



FLOTHETTAN - DRAUMA-JÓLAGJÖFIN Í ÁR!

Flothetta & fótaflot
16.400 kr, einnig á
www.systrasamlagid.is



DRAUMA-JÓGA-FATNAÐURINN!

Mjúkur og sterkur fyrir jóga og lífið.

Lífræn "Fair Trade" bómull.



MÖNTRU ARMBÖND - OG DRAUMAR RÆTAST!

Silfrúð, gyllt, rósagull.

Á konur og karlmenn.



DRAUMA-JÓGADÝNUR SEM SKARA FRAM ÚR!

Manduka eru Taj Mahal jógadýnanna

PRO

PROlite

eKO

eKO light

eKO superlight

Og allt annað fyrir jógaíðkun.

Lækkað verð v/ hagstæðs gengis.

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI

Ný heimasíða: www.systrasamlagid.is

www.facebook.com/Systrasamlagid

Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:


Mjúkir mánudagar: 10 - 18.

Þri. - fös.: 9 - 18.

Laugardagar: 10 - 16.

LJÓSSA- HATID

TIL
28. NÓV.




-25%

AF ÖLLUM LJÓSUM

ÚTI- OG INNISERÍUR, ADVENTULJÓS, ÚTI- OG INNILJÓS

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Tílboð gilda til 28. nóvember.



byko.is

TINGDU SAMAN MARGAR SERÍUR
AUDVELT AÐ PANTA Á BYKO.IS



Sýning í Hallgrímskirkju á aðventunni

Jólin hans Hallgríms

Það er gaman að fara með börnunum í Hallgrímskirkju á aðventunni. Sýningin „Jólin hans Hallgríms“ verður opnuð í kirkjunni sunnudaginn 27. nóvember og stendur til 6. janúar. Þar er gömlu jólunum gerð skil, eins og þau voru þegar Hallgrímur Pétursson var lítill strákur á 17. öldinni.

Baðstofa hefur verið gerð á pallinum aftan við orgelið í Hallgrímskirkju. Þar er hægt að vitja jóla fortíðar. Sýningin, sem hentar börnum á öllum aldri, byggir á samnefndri bók Steinunnar Jóhannesdóttur og myndum Önnu Cynthiu Leplar. Í baðstofunni eru myndir og textar úr bókinni ásamt munum sem vísa til sögunnar. Gestir geta strokið lambi, leikið sér að leggjum og skeljum eins og Hallgrímur og systkini hans gerðu fyrir 400 árum og hlustað á jólasálminn vinsæla, Nóttin var sú ágæt ein, sem Hallgrímur lærir í sögunni.

Þriggja til tíu ára boðið í hópheimsóknir

Börnum á aldrinum 3 til 10 ára er boðið að koma í skóla- eða hópheimsókn. Tekið er á móti hópum með stuttri endursögn úr bókinni, börnin fá að skoða baðstofuna og leikföngin og vinna verkefni sem henta þeirra aldri. Hægt er að koma í hópheimsókn



virka daga frá 28. nóvember og til jóla frá kl. 9 til 14 nema á fimmtudögum. Hver heimsókn tekur u.þ.b. klukkustund. Hópar geta bókað heimsókn með því að senda tölvupóst til Ingu Harðardóttur, æskulýðsfulltrúa Hallgrímskirkju. Netfang hennar er inga@hallgrimskirkja.is. Aðgangur er ókeypis.

Eflandi ævintýraferð

Þótt margt hafi breyst á fjórum öldum er ýmislegt kunnuglegt við

undirbúning jólanna hjá heimilisfólkinu í Gröf á Höfðaströnd þar sem Hallgrímur átti heima. Þá eins og nú kviknar ljós í hjörtum manna þótt myrkið grúfi yfir. Eru einhvern börn eða barnahópur sem þú vilt dekra við og fara með í eflandi ævintýraferð? Það er gaman að fara með börnin í bæinn á aðventunni og Hallgrímskirkja býður ykkur velkomin.

hallgrimskirkja.is

HLINREYKDAL.COM

FISKISLÓÐ 75
101 REYKJAVÍK
571 1407



HLINREYKDALSTUDIO



HLÍN REYKDAL

BRAGÐAÐU Á JÓLUNUM

GLÆSILEGT JÓLAHLAÐBORD
í hádeginu og á kvöldin

GIRNILEGUR JÓLABRUNCH
um helgar, lifandi tónlist
og jólasveinninn kíkir í heimsókn

Verð frá 4.500 kr.

Skrúður

Radisson BLU Saga Hotel • Hagatorg • 107 Reykjavík • Sími: 525 9930 • hotelsaga@hotelsaga.is

www.hotelsaga.is

Radisson BLU
SAGA HOTEL, REYKJAVÍK



Lhea Mae Fernandez Trinidad í Hagaskóla

Hlaut Íslenskuverðlaun unga fólksins

Lhea Mae Fernandez Trinidad í 10.HPV í Hagaskóla hlaut Íslenskuverðlaun unga fólksins í bókmenntaborginni Reykjavík að þessu sinni. Verðlaunin voru afhent á Degi íslenskrar tungu og voru nú afhent í tíunda sinn.

Lhea kom til landsins 12 ára gömul og stundar nú nám í 10. bekk. Á þessum tíma hefur hún sýnt mikinn áhuga á að læra íslensku og tekið stöðugum framförum. Náms hæfileikar hennar eru augljósir og hún sinnir öllu námi af stakri samvisku-semi. Við óskum Lheu til hamingju.

Á myndinni er Lhea Mae Fernandez Trinidad ásamt foreldrum sínum, systkinum og Þorbjörgu Halldórsdóttur íslenskukennara.



Bekkjarfundir í Melaskóla á degi eineltis

Haldnir voru bekkjarfundir í öllum bekkjum Melaskóla á degi gegneinelti. Rætt var um hvað stuðlar að velliðan í félagslegum samskiptum og hvað getur valdið vanlíðan og skilgreiningu Olweusar á einelti.

Skilgreining Olweusar á einelti er að nemandi er lagður í

einelti þegar annar nemandi eða nemendur segja meiðandi og óþægileg orð við hann eða hana, gera grín að honum/henni eða nota ljót og meiðandi uppnefni. Virða hann/hana ekki viðlits eða útiloka hann/hana viljandi úr hópnum. Slá, sparka, hárreita, hrinda eða loka hann/hana inni.

Segja ósatt eða dreifa niðrandi athugasemdum um hann/hana eða senda kvikindislega miða, sms eða tölvupóst og reyna að fá aðra nemendur til að kunna illa við hann / hana. Í mörgum skólum er unnið eftir þessari hugmyndafræði til að sporna við einelti eða tilhneigingu til þess.

Njóttu stemningarinnar Í HJARTA REYKJAVÍKUR

Skötuhlaðborð á Restaurant Reykjavík 23. desember

ÞORLÁKSMESSUSKATA

Á Þorláksmessu bjóðum við upp á einstaklega girnilegt skötuhlaðborð.

SÍLDARVEISLA

Lauksíld
Appelsínumarineruð síld
Fennel og agúrku síld
Jólasíld
Lakkríssíld

AÐALRÉTTIR

Kæst Tindabikkja
Reyktur Lax með hvítlaukssósu
Skötustappa
Saltfiskur
Plokkfiskur

EFTIRRÉTTIR

Ris a la mande
Kanil og rósmarin ostaterta
Piparköku-Brownie
Úrval af ísum
Frómas

Verð kr. **4.900**
Í hádeginu og um kvöldið

Í hádeginu verður
Eyjólfur Kristjánsson
í jólasþápi með gítarinn



Bókið tímanlega í síma

552 3030



RESTAURANT
REYKJAVÍK

Tel +354 552 3030
restaurant@restaurantreykjavik.is
www.restaurantreykjavik.is
Vesturgata 2 - 101 Reykjavík

sushi
samba

8 rétta deluxe

Jóla
matseðill

Við byrjum á glasi af freyðivíni

Krónhjartar „Tataki“

Kaldreyktar perur, vinagriette og friseesalat

Pekingönd

Svart-hvítlauksmuk, brennt blómkál og Waldorfsalat

Reykt laxarúlla

Reyktur lax, japönsk ommiletta

Reykt laxahrogn „Gunkan“

Bleikju nigiri

Birkikrydd

Leturhumar

Steiktur leturhumar, grænt sellerí, vorlaur, humar-smjörsoða og mangósalsa

Nautalund

Kartöfluterrin með sveppum, grænertur, soðsósa, nípumauk

Og í eftirrétt

Jóla-ostakaka

Piparkökucrumble, Amaretto-karamella, eplasorbet

7.990 kr.

Aðeins framreitt fyrir allt borðið

Borðapantanir í síma 568-6600



Sushi Samba
Þingholtsstræti 5
sushisamba.is



Mundu eftir safnbúðum Borgarbókasafnsins



Í safnbúðum Borgarbókasafnsins færðu allskyns leikföng og spil fyrir börnin. Þar er lagt upp úr því að hafa á boðstólnum skemmtilega gjafavöru fyrir börn og fullorðna sem tengist lestri og bókmenntum.

Kíktu í safnbúðina næst þegar þú ferð á bókasafnið!

www.borgarbokasafn.is | borgarbokasafni@borgarbokasafn.is | 411 6100

Þriðja bók Sirrýar um Vaka og Sögu

Fjölmörgu konan Sirrý Arnardóttir er einnig barnabóka höfundur. Á dögunum kom út þriðja bók hennar um tröllastrákinn Vaka og Sögu vinkonu hans sem ber heitið Tröllastrákurinn læknar hrekkjusvín.

Vaki og Saga hafa mjög gaman af að byggja kofa, halda tombólur og eru mjög virk. En í þessari nýju barnabók um Tröllastrákinn þurfa þau að kljást við óvænta erfiðleika sem endar þó með því að þau lækna hrekkjusvín af ákveðinni veiki, sýki sem er öfundusýki. Drama og erfiðleikar en allt fer vel að lokum.

Leikskólar fengu fyrstu eintök bókarinnar að gjöf og hefur Sirrý farið á milli leikskóla að undanfögnu og lesið fyrir börnin auk þess að varpa stækkuðum myndum úr bókinni á vegg.



Sirrý og Freydisi Kristjánsdóttir myndlistarmaður með börnum á leikskólanum Mýri.

Múslimar og kristnir fagna saman í Neskirkju

Ashura hátíð verður haldin í Neskirkju laugardaginn 26. nóvember 2016 kl. 14 – 16.

Hátíðin er haldin í samstarfi við félagið Horizon, sem var stofnað af ungum múslimum sem vilja vera virkir í samtali við aðra hópa samfélagsins í að brjóta niður múra og byggja traust. Hátíðin er því líður í að vinna að jákvæðri fjölmenningu í Vesturbæ. Hátíðin er öllum opin og aðgangur er ókeypis.

Á Ashura hátíðinni er þess minnst er Nói steig á land eftir flóðið og gerði sér graut úr öllum þeim jurtum sem hann fann. Henni er því jafnan fagnað með sérstökum graut úr fjölda jurta og með góðum mat. Boðið verður upp á tyrkneskan mat í Neskirkju og auðvitað Ashura grautinn.

Þetta er í þriðja sinn sem hátíðin er haldin í Neskirkju. Að þessu sinni verður lögð áhersla á tónlist. Tónlistarmaðurinn Zeki Köse mun leika á hljóðfærið Kanun, Anna Jónsdóttir syngur tyrkneskt lag og Barnakór Neskirkju syngur. Sr. Þórhallur Heimisson flytur erindi um mikilvægi samræðunnar.

Markmið hátíðarinnar er að efla og bæta samfélag fólks, auka skilning og samhug.

Jólatónleikar Selkórsins

Jólatónleikar Selkórsins verða í Seltjarnarneskirkju sunnudaginn 11. desember kl. 16:00.

Að þessu sinni verður alþjóðlegur blær á tónleikunum því flutt verða jólalög frá ýmsum löndum. Stjórnandi kórsins er Oliver Kentish og meðleikari Dagný Björgvinsdóttir. Aðgangseyrir er kr. 2.000.- og hægt er að kaupa miða við innganginn. Selkórinn býður tónleikagestum upp á kaffi og smákökur í hléi.



Nailberry - himnasending fyrir heilsu & hátísku!

Hleypa í gegn raka og súrefni

NÝTT!!



www.systrasamlagid.is



ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
National Museum of Iceland



Eftirgerðir af munum frá Skriðuklaustri, unnir af Inga í Sign. Hnappur 13.900 kr. Lykill 17.900 kr.

Óróar frá Laufabrauðssetrinu Verð 995 kr. – 1295 kr.



Jólapóstkort frá Þjóðminjasafni, margar gerðir 200 kr.

Vandaðar og endingargóðar ullarvörur fyrir börn frá As We Grow. Húfa: 6.495 kr. Trefill: 5.250 kr.



Minnisbók 2.495 kr. Safnbúðin



Jólaflán 2016 frá Heklu Kerti 1.995 kr. Servíettur 995 kr. Eldspýttustokkur 750 kr.



Sérpakkað dökkt súkkulaði 695 kr. Safnbúðin.



Falleg ílát frá sveinbjörg.is Kaffibaukasett: 2.195 kr. Kökubox: 1995 kr.



Mikið úrval af vörum frá Hugrún-islensk.is. Borðregill úr hör og bómullarblöndu með mynstri frá sjónabók 8.995 kr.

Safnbúð Þjóðminjasafnsins

Fallegar gjafir á góðu verði



Jólatré 24.995 kr.

Ingibjörg og Oddur Ingi hlutu markmannabikara KR 2016

Hin árlega afhending markmannabikara KR fór fram laugardaginn 5. nóvember. Markmannafélag KR sér um afhendinguna, en gefandinn Heimir Guðjónsson fyrrum markmaður KR og landsliðsins er nú búsettur á Spáni.

Heimir var markvörður meistaraflokks KR á árunum 1955 til 1965 og var lykilmáður í sigursælu liði KR á þessum tíma og vann alla titla sem í boði voru og lék að auki með landsliðinu. Kunna KR ingar vel að meta ræktarsemi hans fyrir gamla félaginu og ber að þakka það. Það eru markmannspjálfi yngri flokka og m.fl. kvenna KR, Valþór Halldórsson, sem ber hitann og þungann af valinu þetta árið, en einnig kom Henrik Bødger markmannspjálfi meistaraflokks karla þar við sögu. Við valið er einkum horft til frammistöðu á vellinum, ástundun við æfingar og framkomu innan sem utan vallar.

Markmenn KR 2016 eru: Í kvennaflokk Ingibjörg Valgeirsdóttir, en hún kom til KR frá Sindra í Hornafirði síðastliðið haust og varði mark meistaraflokks kvenna í sumar og stóð sig



Magnús Guðmundsson markvörður, Guðjón Ólafsson markvörður, Guðmundur Pétursson formaður markmannafélags KR, Ingibjörg bikarhafi, Oddur Ingi bikarhafi, Valþór Halldórsson og Halldór Pálsson markvörður.

með stakri þryði í þeirri hörðu baráttu sem stelpurnar háðu fyrir tilveru sinni í deild þeirra bestu og lagði sitt að mörkum til þess að það tókst. Ingibjörg er mikið efni og á framtíðina fyrir sér og kemur til leiks næsta ár reynslunni ríkari og binda KR ingar miklar vonir við hana.

Í karlaflokk var Oddur Ingi Bjarnason markmaður 3.

flokks valinn. Hann hefur verið lykilmáður í sigursælu liða 3. flokks undanfarin tvö ár, sem þeir kórónuðu með bikarmeistaratitli nú í haust. Oddur er duglegur og samvirkusamur leikmaður og eitt mesta markmanns-efni sem komið hefur fram í KR seinustu ár og eru miklar vonir bundnar við hann sem framtíðarmarkmann félagsins.

Framtíðarsjóður KR

Úthlutar styrkjum á 117 ára afmælinu

Framtíðarsjóður KR, sem ætlað er að styðja við framgang félagsins til lengri tíma lítið, úthlutaði af því tilefni tveimur styrkjum í tilefni af 117 ára afmæli félagsins. Styrkirnir nema samtals um hálfri milljón króna. Annar styrkurinn mun renna til tækjakaupa sem nýttast við þjálfun stúlkna í körfubolta, en hinn verður nýttur í kynningarátak sem miðar að því að fjölga stúlkum meðal iðkenda í knattspyrnu.

Gylfi Aðalsteinsson formaður KR og Guðjón Guðmundsson, formaður stjórnar Framtíðarsjóðs KR, afhentu forsvarsmönnum yngri flokka KR í körfubolta og knattspyrnu styrkina í kaffisamsæti í KR-heimilinu. Viðstaddir voru einnig hressar körfubolta- og knattspyrnustúlkur úr yngri flokkum KR.

Framtíðarsjóður KR, sem settur var á stöfn fyrir nokkrum árum, er sjálfseignarstofnun. Framlög í Framtíðarsjóð KR mynda höfuðstól sem skerðist ekki og vex með nýjum framlögum. Aðeins má nota ávöxtun sjóðsins, umfram verðbólgu, til úthlutunar til verkefna sem teljast stuðla að framtíðarheill félagsins, s.s. uppbyggingar og þróunar á starfsemi og aðstöðu. Markmið Framtíðarsjóðs KR er að verða með tíð og tíma hornsteinn félagsins alls, varanlegur grunnur fyrir framþróun félagsins um ókomin ár. Framlög í Framtíðarsjóð KR geta verið í ýmsu formi styrkja og gjafa, s.s. afmælisgjafa, arfs, minningarkorta, í tengslum



Sigrún Skarphéðinsdóttir, þjálfari yngri flokka í körfubolta, Guðjón Guðmundsson, formaður stjórnar Framtíðarsjóðs KR, Gylfi Aðalsteinsson formaður KR, Þóra Passauer, stjórn knattspyrnudeildar, Guðrún Kristmundsdóttir formaður körfuboltadeildar, og úr yngri flokkum KR í knattspyrnu og körfubolta stúlkna: Jasmín, Ragna, Íris, Írena, Helena, Þorbjörg, Arianna, Guðrún, Helga, Ásdís, Auður og Sigrún.

við skipulögð söfnunaráttök, eingreiðslur eða mánaðarlegar stuðningsgreiðslur. Framlög í framtíðarsjóðinn eru eyrnamerkt þeim aðila, einstaklingi eða félagi, sem stendur að framlaginu. Velunnarar félagsins, sem leggja vilja framtíð KR lið, geta nálgast

nánari upplýsingar um Framtíðarsjóð KR á vef félagsins, KR.is. Nánari upplýsingar veitir: Guðjón Guðmundsson, formaður stjórnar Framtíðarsjóðs KR s.: 896 4132, netfang: gudjon@kr.is

KR-SÍÐAN



Frítt fyrir krakka fram að jólum

Frítt er í handboltann fyrir krakka í 1. til 4. bekk fram að jólum. Handknattleiksdeild KR býður nú öllum krökkum í 1. til 4. bekk, að æfa handbolta frítt fram að jólum. Allir krakkar eru velkomnir, byrjendur jafnt sem lengra komnir, og fá allir eitthvað við sitt hæfi.

Krökkunum verður skipt í hópa eftir aldri og getu, þar sem farið verur í gegnum grunnatriði leiksins, ásamt allskonar leikjum og skemmtunum, sem er það mikilvægasta fyrir krakka á þessum aldri. Ekki þarf að skrá

krakkana áður en þau mæta, bara að mæta. Stelpur æfa á þriðjudögum frá kl. 16 til 17 og á miðvikudögum frá klukkan 15 til 16 og strákar á mánudögum frá kl. 17 til 18 og þriðjudögum frá kl. 16 til 17. Allar æfingar eru í Íþróttahúsi Hagaskóla.

Þjálfarar flokkana og formaður Unglingaráðs handknattleiksdeildar gefa frekari upplýsingar. Þjálfarar stelpnanna eru þær Edda Þórunn, sími 857 7840, og Hrafnhildur Birta, sími 863-0303. Þjálfari strákanna er Björn Ingi, sími 698 5667.



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:

Mánud., Þriðjud. og Miðvikud.
12:00 til 15:00.

Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30.

Föstudaga
13:00 til 19:00.

Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00.

Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags
10:00 til 15:00.



GETRAUNANÚMER KR ER 107

... svo ótrúlega þægileg eftir sturtuna eða baðið!



Frábær gjöf fyrir dömur á öllum aldri



Fánleg í 12 litum í fullorðins- og barnastærð.

Helstu útsöluastaðir í Reykjavík
Allar sundlaugar, Apótekarinn Mjódd,
Borgarapótek, Lyf og heilsa; JL húsi,
Kringlu og Austurverri, Minja,
Snyrtivörubúðin Glæsibæ, Mistý,
Lyfjaver, Reykjavíkur Apótek,
Árbæjarapótek, Urðarapótek,
Balletbúðin Arena.
Netverstanir Aha.is, Heimkaup,
Krabbameinsfélagið og Netsöfnun.

Sif
höfuðhandklæði

elfursif@internet.is gsm 660 8860

Nánar um sölustaði á facebook



www.kr.is



Sírius

HÁTÍÐAR-
ÚTGÁFA



Hátíð handa þér

Sírius súkkulaði hefur fylgt íslensku þjóðinni síðan 1933. Við Íslendingar höfum notið Sírius súkkulaðis hversdagslega en ekki síst þegar við viljum gera okkur glaðan dag og njóta þess besta. Með hátíðarútgáfu vinsælla tegunda tekur Sírius þátt í gleðinni með landsmönnum og færir þeim uppáhalds súkkulaðið sitt með hátíðarbrag.



N
NÓI SÍRÍUS